

# Grænn viðskiptahraðall

## Sjálfbærni og grænar lausnir



## Um verkefnið

- Til þess að uppfylla loftlagsmarkmið Parísarsáttmálans þarf **átak**. Brýnt er að finna lausnir sem hraða orkuskiptum á öllum sviðum atvinnulífsins, draga úr útblæstri og þróa nýja tækni og ferla til að draga úr losun hvar sem hún verður.
- Grænn viðskiptahraðall er samstarfsverkefni Þróunarfélaganna á Breiðinni og Grundartanga með það að markmiði að hér rísi stór og stöndug fyrirtæki sem byggja á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, draga úr losun, skapa störf og auka samkeppnisforskot Íslensks iðnaðar.
- Nýjum viðskiptahraðli er ætlað að draga fram, efla og þróa tækni og aðferðir sem raunverulega leysa aðsteðjandi úrlausnarefni í umhverfismálum með það fyrir augum að þátttakendur verði í lok hraðals í stakk búin til að sækja styrki í **Innovation Fund**.

# Innovation Fund

- **Innovation Fund (IF)** er styrktarsjóður sem stuðlar að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda (GHL). Fjármagn sjóðsins kemur frá **ETS Losunarheimildum (EU ETS)** sem er stærsta verðlagningarkerfið fyrir kolefnislosun í heiminum og er gert ráð fyrir að kolefnislosun verði verðlögð fyrir 450 milljónir Evra frá 2020 til 2030.
- Gert er ráð fyrir því að úthlutanir sjóðsins á tímabilinu 2020-2030 muni nema um **10 milljarða Evra**, háð verðlagningu kolefnis. IF er megin fjármögnunarleið ESB til að ná markmiðum Parísarsáttmálans og styðja við markmið Framkvæmdastjórnar Evrópu um kolefnishlutlausa Evrópu árið 2050.

# Innovation Fund

Innovation Fund (IF) stuðlar að samdrætti í losun **gróðushúsaloftegunda (GHL)** með því að styrkja:

- Nýja tækni og ferla sem **draga úr losun í orkufrekum iðnaði** (stál, steypa, gler, kemís efni, pappír o.s.frv.) ásamt nýjum vörum sem koma í stað kolefnisfrekra.
- Föngun kolefnis og notkun (**CCU**)
- Uppbyggingu og stýringu á kolefnis föngun og geymslu (**CCS**)
- Nýnæmi í framleiðslu á endurvinnanlegri orku
- Geymslu á orku

## Innovation Fund

Innovation fund er **ekki hinn hefðbundni sprotasjóður** að því leiti að verkefnin þurfa að vera komin langt, þau þurfa að geta sýnt fram á að þau dragi raunverulega úr losun, þau feli í sér nýnæmi, að þau séu fjárhagslega hagkvæm. Þau þurfa að vera þroskuð og geta verið sköluð upp mjög hratt.

Styrkirnir úr aðalsjóðnum eru háir, annar sjóður er fyrir lítil verkefni. Lítil verkefni flokkast sem verkefni með fjármögnunarpörf undir **7,5 milljónum Evra** (1.225 mkr)

Eitt verkefni fékk 50 mkr styrk frá ANR til að klára fýsileikakönnun fyrir umsókn inn í IF fyrir þessa úthlutun ársins.

## Grænn viðskiptahraðall

Umsjón með hraðlinum er í höndum Icelandic Startups sem hefur til fjölda ára veitt aðstoð við þróun viðskiptahugmynda og leitt saman hóp hagaðila með verðmætasköpun að leiðarljósi.

Um er að ræða sannreynt ferli þar sem allt að **tíu sprotaverkefnum** er veittur aðgangur að breiðu tengslaneti mentora og markvissri þjálfun sem miðar að því að koma vöru á markað. Sambærileg verkefni hafa reynst fyrirtækjum mikilvægur stökkpallur og vegið þungt við umsóknir í innlenda sjóði.

**Leitað verður eftir** öflugum teyimum með hugmyndir sem byggja á hringrásarhagkerfinu og styðja við forystu Íslands í umhverfis og loftslagsmálum. Hraðallinn á jafnt við sjálfstæð teymi og þau sem starfa innan rótgrónari fyrirtækja.

## Samstarfsaðilar

Óskað er eftir því að **Reykjavíkurborg** komi inn sem bakhjarl verkefnisins af fullum krafti með þekkingu og mannauð og taki þátt í að leggja lokahönd á skipulag hraðalsins. Fjárframlag Reykjavíkurborgar væri **10 milljónir króna**.

Þróunarfélögin eiga í góðu samstarfi við **Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið** sem kom að stofnun Þróunarfélagsins á Breiðinni og er í samstarfi við Þróunarfélag Grundartanga um rafeldsneytisframleiðslu.

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið er bakhjarl Græns viðskiptahraðals og styrkir verkefnið um 10 milljónir króna.

## Stýrihópur

Fulltrúar bakhjarla mynda stýrihóp verkefnisins. Á þeim vettvangi eru ræddar faglegar áherslur verkefnisins og línur lagðar fyrir markaðs- og kynningarstarf þess í góðu samstarfi við Icelandic Startups.

Stýrihópur verkefnisins tekur þátt í vali á þeim viðskiptahugmyndum sem býðst þátttaka í hraðlinum og tilnefnir aðra sérfræðinga sem óskað verður eftir að taki þátt í þeirri vinnu.



## Ávinningur og önnur aðkoma bakhjarla

Bakhjarlar leggja verkefninu til fjármagn og þekkingu sérfræðinga úr eigin röðum. Valdir starfsmenn eða tilnefndir sérfræðingar taka þátt í verkefninu sem mentorar og hitta þátttakendur á skipulögðum fundum þar sem þeim gefst færi á að kynnast hverju teymi og hugmyndum þeirra með það fyrir augum að veita þeim leiðsögn og opna á tengingar sem stutt geta við framþróun verkefnanna.

Bakhjarlar eru hvattir til þess að finna innanhúss verkefnum farveg í viðskiptahraðlinum. Með því er hópi starfsmanna veittur aðgangur að hringiðu nýsköpunar og frumkvöðlastarfs þar sem þau fá tækifæri til að sækja innblástur í skapandi og líflegu umhverfi. Þar gefst þeim kostur á að kynnast öðrum þátttakendum og frá fyrstu hendi þeim aðferðum sem verið er að beita við þróun viðskiptahugmynda. Um er að ræða endurmenntun sem á sér enga líka.

# Fyrirkomulag

## *Undirbúningur*

- Stefnt er að því að kynna samstarfið og fyrirkomulag þess á sérstökum viðburði undir lok árs þar sem samstarfsaðilar skrifa með formlegum hætti undir samning um aðild að verkefninu og opnað verður fyrir umsóknir í hraðalinn. Í kjölfarið fara fram pallborðsumræður um tækifæri og áskoranir í umhverfis- og loftslagsmálum.
- Kynningarfundir verður fylgt eftir með **stefnumóti hugmynda og færni** í upphafi árs 2021 sem liður í markaðs- og kynningarstarfi. Þar verða tækifæri enn frekar kortlögð og auglýst eftir hugmyndum og hópum. Þar gefst þeim sem eru með hugmyndir en vantar liðsmann í teymið kostur á að kynnast einstaklingum sem vilja taka þátt í að stofna fyrirtæki en eru án hugmyndar. Hugmyndin er sú að á þessum vettvangi sé hægt að mynda teymi sem geta síðan sótt um þátttöku í hraðlinum.
- Lögð verður áhersla á að kynna verkefnið rækilega innan háskólasamfélagsins og nýsköpunarsenuunnar. Verkefnið verður einnig kynnt opinberlega í fjölmiðlum. Samstarfsaðilar munu leggjast á eitt við að virkja til þátttöku teymi sem starfa innan rótgrónari fyrirtækja og vinna að grænum lausnum.

# Fyrirkomulag


## *Viðskiptahraðall*

- Um er að ræða 10 vikna viðskiptahraðal sem felur í sér aðgang að fullbúinni vinnuaðstöðu, markvissa þjálfun og ráðgjöf, fundi með mentorum og fjölda tækifæra til að efla tengslanetið
- Allt að tíu verkefni verða valin til þátttöku í gegnum vandað umsóknarferli
- Farið verður yfir mótun viðskiptahugmynda, virðiskjarninn rýndur og viðskiptavinir og dreifileiðir greindar vel. Einnig verður farið yfir gerð rekstraráætlana, markaðs- og solumál og þátttakendur undirbúnir fyrir fundi með fjárfestum. Efnistöð myndu heildstæðan grunn að umsókn þátttakenda í Innovation Fund..
- Viðskiptahraðlinum lýkur með kynningu þátttakenda á viðskiptahugmyndum sínum fyrir hópi fjárfesta og lykilaðila á sviði umhverfis- og loftslagsmála.

# Efnistöð

10 vikur		
Mótun	Framkvæmd	Sala / Fjármögnun
Viðskiptalíkan	Frumgerð	Sala
Viðskiptavinir	Vöruþróun / Hönnun	Fjárfestakynningar
Endurgjöf / mentorfundir	Markaðsmál	Fjármögnun

# Tímalína 2020 - 2021 (drög)



# Rekstraráætlun

Rekstraráætlun byggir á rekstri sambærilegra verkefna.

Rekstrarkostnaður felur í sér kostnað við alla markaðssetningu og kynningarstarf, vefsíðu, hönnun, ljósmyndir, upptökur, kostnað vegna viðburða og veitinga við undirbúning og meðan á verkefninu stendur, þ.m.t. fjárfestadag verkefnisins, húsnæði, skrifstofukostnað og annan kostnað sem áætlað er að falli til vegna verkefnisins.

Laun og launatengd gjöld	25.000.000
Rekstrarkostnaður	10.000.000
<i>Markaðskostnaður</i>	<i>4.500.000</i>
<i>Húsnæði og annar skrifstofukostnaður</i>	<i>1.000.000</i>
<i>Veitingar</i>	<i>2.500.000</i>
<i>Viðburðir</i>	<i>750.000</i>
<i>Ferðakostnaður</i>	<i>650.000</i>
<i>Annar kostnaður</i>	<i>600.000</i>
	<b>35.000.000</b>

# Fjármögnun

Fjármagn verkefnisins kemur frá bakhjörllum verkefnisins.

Kostnaðarskipting milli aðila er breytileg og byggir á vilja og getu hvers og eins til að leggja verkefninu lið. Eins og fjármögnun er stillt upp í dag vantar 10 milljónir króna upp á að verkefnið sé fullfjármagnað og er það ósk okkar að það verði framlag ríkisins.

Fjármögnun skiptist á eftirfarandi hátt:

Bakhjarlar	Framlag
<i>Reykjavíkurborg</i>	<i>10.000.000</i>
<i>Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið</i>	<i>10.000.000</i>
<i>Þróunarfélagið á Breiðinni</i>	<i>2.500.000</i>
<i>Þróunarfélagið á Grundartanga</i>	<i>2.500.000</i>
<i>B-hluta fyrirtækin</i>	<i>10.000.000</i>
	<b>35.000.000</b>

# Takk!

Nánari upplýsingar:

**Kristín Soffía Jónsdóttir** // borgarfulltrúi/varaformaður Umhverfisstjórnar RVK/formaður stjórnar Faxaflóahafna/stjórnarmaður í  
Þróunarfélagi Grundartanga  
kristin.soffia.jonsdottir@reykjavik.is // s: 822-2981